

+

Reyðarvatn.

Fiskifræðilegar rannsóknir 1981.

Tilraunanet voru lögð í norðurhluta Reyðarvatns (þ.e. frá Álfatanga að vestanverðu og að Fossárósi að austanverðu), 6-7 ágúst. Eftirfarandi net voru notuð.

mm. á legg	omf/alín	fjöldi neta
45.0	14	1
39.5	16	2
35.0	18	2
31.5	20	1
29.0	22	2
26.0	24	1
24.0	26	1
22.5	28	1
21.0	30	1
19.5	32	1
12.0	52	1
10.0	64	1

Alls veiddust 268 bleikjur. Sýni til aldursgreiningar voru tekin af 76 fiskum. Lengdardreifing aflanns er sýnd á mynd 1. en þar er bleikjunni skipt í 1 sm. lengdarflokka.

Bleikjurnar voru frá 9.5-60.5 sm langar, yngstu voru eins vetur gamlar en þær elstu a.m.k. 16 vetra. Eftirfarandi tafla sýnir meðallengdir og spönn af aldursgreindum fiskum.

Aldur í vetrum	Árgangur	Fjöldi	Meðallengdir (sm.)	Spönn
1	1980	2	9.75	9.5-10.0
2	1979	5	12.0	11.0-13.7
3	1978	1	(14.5)	14.5
4	1977	3	16.0	13.5-19.0
5	1976	1	(26.0)	26.0
6	1975	11	29.5	20.0-38.5
7	1974	12	35.8	22.5-43.0
8	1973	6	38.8	34.5-46.0
9	1972	7	39.1	32.5-49.0
10	1971	2	43.75	42.0-45.5
11	1970	7	42.2	32.0-55.0
12	1969	3	48.0	37.5-57.5
13	1968	2	53.5	46.5-60.5
14	1967	2	47.75	45.0-50.0
15	1966	4	50.4	45.0-54.0
16	1965	1	(42.5)	42.5

Kvarnir úr 7 bleikjum reyndust ónothæfar til aldursgreininga. Lengdar-og aldursdreifing fiskanna úr töflunni hér á undan er sýnd á línuritsformi á mynd 2, sem þjónar þá sem vaxtarlínurit.

Net með heppilegri möskvastærð fyrir 16-20 sm. langan fisk voru ekki lögð og því vantar þær stærðir í aflann (sjá mynd 1). Líklega er 5 vetra bleikja ca. 16-20 sm löng, og því fæst ekki nema ein fimm ára bleikja.

Af vaxtarlínuritinu (mynd 2) sést að bleikjan vex fremur hægt, en það hægist þó lítið á vextinum fyrr en hún hefur náð ca 40 sm. lengd.

Magasýni þau sem tekin voru sýna að á þessum tíma (kannski allt árið) éta margar bleikjurnar svo til eingöngu ^{Botndýr} vatnabobba og vorflugulirfur. Í maga nokkurra fiska var bara grjót. Nokkrir fiskanna sem voru yfir 40 sm. langir átu fisk (hornsíli og bleikju).

Allmikið bar á því að bleikjan væri með yfirbit (= efri skoltur skagar fram yfir neðri skolt), en einmitt slíkt er þróunareinkenni á fiski sem lifir eingöngu á botndýrum.

Bleikjan verður kynþroska nokkuð seint. Yngstu kynþroska fiskarnir voru sex ára. Níu ára eru allar bleikjurnar kynþroska.

Til gamans má geta þess að er við Þorsteinn skoðuðum Reyðarlæk 1980, náðum við fjórum kynþroska fiskum er allir voru yfir 40 sm stórir og 11-13 ára gamlir.

Ályktanir. Aflamagnið í tilraunanetin gefur til kynna að fiskmagn í vatninu sé talsvert. Ennfremur er fiskurinn gamall, vöxtur frekar hægur, margir fiskanna eru magrir, innyfli oft samgróin af völdum sníkjudýra. Nokkrir fiskanna gerast kannibalistar á efri árum. Allt bendir þetta til þess að fiskstofninn sé of þéttur miðað við fæðuframboð vatnsins. Ekki er þó ástandið verra en svo að fiskurinn er samilega stór, og margir eru samilegir til átu. Vart er því hægt að flokka vatnið sem ofsetið í þeirri merkingu sem vanalega liggur í hugtakinu (til samanburðar er vaxtarlínurit úr ofsetnu vatni fellt inn í mynd 2), en hinsvegar má fullyrða að vatnið er greinilega vannýtt.

Ekki varð vart við murtu, en þó er ekki hægt að útiloka að murta sé í vatninu. Kannski héldi hún sig þá meira í suðurhluta vatnsins sem er dýpri en norðurhlutinn. Ennfremur ber að geta þess

að murtan gæti verið þetta 16-20 sm. stór, en net með heppilegri möskvastærð til að veiða þann fisk voru ekki lögð, eins og fyrr er getið. Jón Kristjánsson fiskifræðingur hefur tekið vel í það að koma með fisksjá við fyrsta tækifæri. Yrði þá væntanlega hægt að fá úr því skorið hvort murta lifir í Reyðarvatni.

Hugmyndir um nýtingu. Reyðarvatn er stórt og allvíða djúpt, en grynningar allvíða. Ennfremur eru veðrabrigði snögg og tíð.

Stangveiði eingöngu er yfirleitt ekki nægjanleg í þéttsetnum vötnum og verður því einnig að nota lagnet af heimamönnum sem þekkja aðstæður vel. Heppilegt væri að nota margar möskvastærðir, allt frá 24 mm. og upp í 45 mm. milli hnúta.


Reyðarvatn mun vera um 830 ha. að flatarmáli. Árlegt aflamagn ætti að geta orðið minnst 5 kg. á ha. Það samsvarar því að árlegur afli gæti verið nálega fjögur tonn. En að sjálfsögðu verður reynslan að skera úr um það. Í því sambandi er rétt að benda á það að góðar veiðiskýrslur eru undirstöðuatriði réttrar nýtingar veiðivatns, en erfitt er að gefa leiðbeiningar um fiskræktaraðgerðir án þess að vita um árlegt aflamagn.

Að síðustu langar mig að varpa fram einni hugmynd sem e.t.v. gæti gefið góða raun.

Hún er sú að bólum yrði komið fyrir ca. 50-100 m. út frá landi, þar sem stangveiðimenn eiga greiðan aðgang að. Úr bólunum lægju hringstög í land, og væri þannig hægt að draga net út og að landi aftur. Mætti þá leigja þeim stangveiðimönnum sem vildu aðgang að bólunum gegn aukagjaldi. Slíkt myndi hjálpa til við að fækka bleikjunni og veitti jafnframt mörgum stangveiðimanninum aukna ánægju.

REYDARVATN 6-7/8 '81

FÖLD
FISKA




MYND 1. LENGDARREIÐING BLEIKJU.

REYÐARVATN 6-7/8 '81

(52,5)

(60,5)



Mynd 2. LENGÐAR- OG ALDURSDREIFING BLEIKJU (VAXTARLÍNURIT).
 REYÐARVATNI 1981